

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2018, föstudaginn 17. ágúst, var haldinn 174. fundur stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Sturla Jónsson og Stefán Þór Ingvarsson, endurskoðendur frá Grant Thornton, sátu fundinn undir lið 2. Anton B. Markússon, lögmaður, sat fundinn undir lið 3. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ný stjórn SHS

Kosningar til sveitarstjórna fóru fram þann 26. maí sl. Í kjölfar þess hafa aðildarsveitarfélögin kjörið aðal- og varafulltrúa í stjórn SHS.

Stjórnarmenn

Dagur B. Eggertsson	Reykjavík	formaður
Rósa Guðbjartsdóttir	Hafnarfjörður	varaformaður
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogur	
Gunnar Einarsson	Garðabær	
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbær	
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnes	

Varamenn:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir	Reykjavík
Ágúst Bjarni Garðarsson	Hafnarfjörður
Birkir Jón Jónsson	Kópavogur
Áslaug Hulda Jónsdóttir	Garðabær
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	Mosfellsbær
Magnús Örn Guðmundsson	Seltjarnarnes

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. 6 mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri fór yfir 6 mánaða uppgjör SHS 2018 og Sturla Jónsson frá endurskoðenda SHS, Grant Thornton, fór yfir þátt endurskoðenda og könnunarskýrslu þeirra.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur SHS janúar – júní 2018, dags. 17. ágúst 2018.
- Könnunarskýrsla með árshlutareikningi, dags. 17. ágúst 2018.
- Ráðningarbréf vegna endurskoðunar og könnunar, ódags.

Afgreiðsla: Árshlutareikningur samþykktur og undirritaður. Ráðningarbréf endurskoðanda undirritað.

3. Héraðsdómur Reykjavíkur, mál nr. E-2995/2017

Anton Björn Markússon, lögmaður SHS, gerði grein fyrir dómsmáli og málalýktum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Héraðsdómur Reykjavíkur, dómur, dags. 5. júlí 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Tillaga um meginforsendur fimm ára áætlunar

Formaður lagði fram tillögu um meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar; Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023, dags. 20. júlí 2018.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023.

5. Starfsreglur

Starfsreglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils. Formaður lagði fram starfsreglur fyrri stjórnar til umfjöllunar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 1. útgáfa, dags. 19. febrúar 2016.

Afgreiðsla: Frestað.

6. Siðareglur

Siðareglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils. Formaður lagði fram siðareglur fyrri stjórnar til umfjöllunar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Siðareglur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 1. útgáfa, dags. 18. desember 2015.

Afgreiðsla: Frestað.

7. Samningur við Faxaflóahafnir

Samningur við Faxaflóahafnir um stjórn SHS á vettvangi við mengunaróhöpp á hafnarsvæði Faxaflóahafna var undirritaður 25. júní 2018.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samþykkt Hafnarstjórnar á endurnýjun samnings við SHS, dags. 22. júní 2018.
- Samningur við Faxaflóahafnir um aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðisins, dags. 25. júní 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

8. Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018

Slökkviliðsstjóri kynnti nýja reglugerð um um starfsemi slökkviliða sem tók gildi 1. ágúst 2018.

Eftirfarandi lagt fram:

- Reglugerð um starfsemi slökkviliða, dags. 18. júlí 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Umsýsla og rekstur sjúkrabifreiða og búnaðar

Slökkviliðsstjóri kynnti ósk heilbrigðisráðherra um umsýslu og rekstur SHS á sjúkrabifreiðum og búnaði í tvö ár á grundvelli þjónustusamnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf velferðarráðuneytis; Umsýsla og rekstur sjúkrabifreiða og búnaðar, dags. 15. júní 2018.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að gengið verði til viðræðna við ríkið og kannað hvort ásættanlegir samningar náist.

10. Óvissustig vegna virkni í Örafajökli

Slökkviliðsstjóri fór yfir upplýsingar um stöðu mála vegna virkni í Örafajökli út frá sjónarmiði almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Tölvupóstur; Fréttir af viðbúnaði vegna Örafajökuls, dags. 27. júlí 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

11. Persónuverndarfulltrúi

Slökkviliðsstjóri óskaði eftir ákvörðun stjórnar um persónuverndarfulltrúa fyrir SHS.

Afgreiðsla: Frestað. Slökkviliðsstjóri mun funda með borgarritara.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður föstudaginn 21. september.

Fundi slitið klukkan 10.00

Dagur B. Eggertsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Ármann Kr. Ólafsson
Gunnar Einarsson
Rósa Guðbjartsdóttir